

## Skólaráðsfundur 13. febrúar 2019

Fundinn sátu: Valborg Hjálmarsdóttir, Þ. Sandra Magnúsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Óskar G. Björnsson, Hallfríður Sverrisdóttir (fundarritari), Þórður Ari Sigurðsson 10. bekk og Una Karen Guðmundsdóttir 7. bekk.

Í framhaldi af síðasta fundi voru drög að ályktun vegna leiktækja lögð fyrir skólaráð.

Ályktunin var samþykkt svohljóðandi:

*Skólaráð Árskóla gerir athugasemdir við að Sveitarfélagið hafi ekki gert ráðstafanir til að setja aftur niður þau leiktæki sem skólinn á og voru tekin niður vegna framkvæmda á skólalóð fyrir nokkrum árum.*

*Þau leiktæki sem nú eru á skólalóð, s.s. kastali og trambólín gagnast vel, en mikil þörf er á að fá fleiri og fjölbreyttari leiktæki á skólalóðina s.s. rólur, vegasalt, apastiga o.fl. sem henta sérstaklega fyrir yngstu börnin. Þau leiktæki sem skólinn á og hafa verið í geymslu í nokkur ár myndu leysa úr brýnni þörf ef þau væru sett niður á lóðina aftur.*

*Skólaráð óskar eftir að gert verði ráð fyrir fjármagni til þess að setja leiktækin aftur niður á skólalóðinni sem fyrst.*

Skólaspegill. Helstu niðurstöður ytra mats (Skólaspegils) á sveitarstjórnarstigi kynntar. Matið fór fram í Árskóla í október sl. og náði til innleiðingar á lestrarstefnu Sveitarfélagsins og teymiskennslu. Niðurstöðurnar eru afar jákvæðar og samhljómur með þeim og niðurstöðum innra mats skólans á sömu þáttum. Niðurstöðurnar verða kynntar í fræðslunefnd fljótlega.

Fyrstu drög að skóladagatali 2019-2020 lögð fram og kynnt.

Íþróttadagur Árskóla verður föstudaginn 22. febrúar. Gert er ráð fyrir úrtöku í einhverjum greinum skólahreysti á íþróttadeginum.

Önnur mál.

- Fyrirspurn um skíðaferðir í vetur. Skólinn er með fjármagn í ferðirnar og stefnt er að því að fara, en skíðasvæðið hefur ekki verið opnað ennþá vegna snjóleysis.
- Sundkennsla. Ljóst er að framkvæmdir við Sundlaug Sauðárkróks hafa dregist og verður sundlaugin ekki opnuð fyrr en í apríl. Sundkennsla í vetur hefur því verið lítil. Í athugun er að fá aðgang að sundlauginni í Varmahlíð fyrir sundnámskeið til að bæta nemendum að einhverju leyti upp skort á sundkennslu.
- Lýsing við tröppur norðan Íþróttahúss er ekki í lagi og hefur það skapað vandræði þegar dimmast er. Málinu hefur verið vísað til eignasjóðs til úrlausnar.
- Rætt um að bjóða umsjónarmanni eignasjóðs á næsta fund, m.a. vegna A-álmu.
- Ákveðið að gera tilraun með að allir fjórir nemendafulltrúarnir mæti á skólaráðsfundi, en næsti fundur skólaráðs er miðvikudaginn 13. mars.